

18051567



Selfoss 16. maí 2018

**Bæjarráð Árborgar
b.t. Ástu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra
og Braga Bjarnasonar, Menningar- og frístundafulltrúa.
Ráðhúsinu
Austurvegi 2
800 Selfoss**

**Varðar: Aðgang að Sundhöll Selfoss fyrir þátttakendur í
Kvennahlaup ÍSÍ 2. júní 2018 og merkingar á hlaupaleiðum.**

Laugardaginn 2. júní nk. verður hið árlega Kvennahlaup ÍSÍ á Selfossi og er þetta í 29. skiptið sem kvennahlaupið fer fram.

Á Selfossi hefur Kvenfélag Selfoss séð um undirbúning og framkvæmd hlaupsins frá því að byrjað var á hlaupinu hér á Selfossi.

Þar sem að við höfum lagt metnað okkar í að hafa umgjörð hlaupsins ekki síðri en í öðrum sveitarfélögum á landsbyggðinni þá óskum við hér með eftir því að þátttakendur í Kvennahlaupinu fái frítt í Sundhöll Selfoss laugardaginn 2. júní, en þetta er gert víða um land sem stuðningur við almenningaþróttir og hefur verið gert hér á Selfossi sl. 16 ár og þökkum við kærlega fyrir það.

Eins viljum við óska eftir að fá að merkja hlaupaleiðirnar með krítarspreyi sem söluaðili fullyrðir að skolist af öllu yfirborði sem ekki dregur í sig vökva. Meðfylgjandi verður kort af hlaupaleiðum.

Með kvenfélagskveðjum og óskum um jákvæðar undirtektir.

F.h. Kvenfélags Selfoss

Anný Björk Guðmundsdóttir
Ástjörn 7
800 Selfoss